

Nd.

73. Frumvarp

til laga um stofnun peningalotteris fyrir Ísland.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Pjetur Jónsson,
Valtýr Guðmundsson, Jón Ólafsson.

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að gefa fyrirv. landshöfðingja Magnúsi Stephensen, Stkr. af Dbg, Dbm. p. p., Sighvati bankastjóra Bjarnasyni R. af Dbg og herra Knud Skjold Philipsen í Kaupmanuahöfn einkaleyfi til stofnunar íslensks peningalotteris með skilyrðum þeim, sem nú skal greina:

- a. Lotterí hvers árs skiftist í 2 flokka, sem eru hvor öðrum óháðir, og eru jafnmargir drættir í hvorum. Hlutatalan má ekki vera meiri en 50,000 í hvorum flokki. Í hvorum flokki mega ekki vera nema 6 drættir.
- b. Iðgjaldið til hvors flokks fyrir heilan hlut skal vera 150 frankar. Hlutina má selja bæði í heilu lagi og sundurskifta.
- c. Í hvorum flokki lotterísins eiga vinningarnir að nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldunum samantöldum fyrir alla hlutina í flokknunum.

Fjárhæð vinninganna skal skifta niður eftir áætlun, sem er samþykkt af ráðherra Íslands, og skal þar einnig ákveðin hlutatalan, hvenær dregið skuli, og reglur um auglýsingu um úrslit dráttanna, hvenær vinningarnir verði greiddir af hendi, og um missi vinninga, sem ekki er vitjað í tæka tíð.

Vinningarnir eru greiddir af hendi í þeirri mynt, sem ákveðin er í áætluninni.

Vinningar, sem ekki er krafist borgunar á í tæka tíð, renna að hálfu til einkaleyfishafanna og að hálfu til landssjóðs Íslands.

- d. Drættirnir fara opinberlega fram í Kaupmannahöfn, og skal lotteríinu stjórn- að þaðan undir eftirliti nefndar, sem konungur skipar til þess; skulu í henni sitja 6 menn, 3 Íslendingar og 3 Danir, og skulu að minsta kosti 2 af nefndarmönnum vera löglerðir menn, sem hafa hæfilegleika til að eiga sæti í fjölskipuðum dómstóli. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, hvort sem er meðan dráttur fer fram, eða eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með lotteríinu; kostnaðinn af þessu ber lotteríið.
- e. Einkaleyfið til að reka lotteríið má veita um allt að því 40 ár frá 1. desember 1912 að telja; þó getur ráðherra Íslands tekið leyfið aftur með eins árs fyrirvara, þegar lotteríið hefir verið rekið í 15 ár frá 1. desember 1912 að telja, og löggjafarvaldi Íslands þá þykir ástæða til að fyrirmuna, að íslenskt lotterí sje lengur rekið.

Einkaleyfishafarnir geta notað leyfið sjálfir og, að fengnu samþykki ráðherra, selt það á leigu eða fengið það í hendur hlutafjelagi, en þeir hafa fyrirgjört rjetti sínum, ef þeir gegna ekki skyldu sinni með greiðslu gjalda þeirra, er þeir eiga að inna af hendi til landssjóðs samkvæmt leyfisbrjefinu, eða ef reglugerð sú, sem samþykkt er fyrir lotteríið, er brotin af þeirra hendi.

- f. Einkaleyfishafarnir skulu greiða landssjóði Íslands gjald, er nemi að minsta kosti 2% af iðgjöldunum fyrir hluti þá, sem seljast í hvorum flokki, þó ekki minna en 138000 franka á missiri.

g. Til tryggingar fyrir fullnægingu skuldbindinga þeirra, sem á einkaleyfishöfum liggja, skal, áður en lotteriið megi taka til starfa, mynda tryggingarsjóð, er hafi að geyma örugg verðbrjef, sem nemi helmingnum af samantaldri fjárhæð vinninganna í hverjum flokki. Tryggingarsjóðurinn skal geymdur í þjóðbankanum í Kaupmannahöfn eða í Landsbanka Íslands, kjósi ráðherra það heldur.

Skerðist tryggingarsjóðurinn fyrir sakir áfallandi fjártjóns, eru leyfishafarnir skyldir, áður en næsti dráttur fer fram, annaðhvort að fylla upp í skarðið, svo að sjóðurinn nemi áskildri fjárhæð, eða setja bankatryggingu fyrir því, sem á vantar, er ráðherra Íslands tekur gilda.

Ráðherra Íslands hefir eftirlit með og ábyrgist, að trygging sú, sem hjer ræðir um, sje til.

Þá skulu leyfishafar og, áður en lotteriið tekur til starfa, setja landssjóði Íslands tryggingu, sem ráðherra tekur gilda, fyrir því, að þeir greiði landsjóði skilvíslega áskilið gjald samkvæmt f-lið greinar þessarar, en ekki þarf trygging sú að fara fram úr lágmarki missirisgjaldsins.

h. Ráðherra Íslands setur nánari ákvæði um fyrirkomulag lotterisins.

2. gr.

Fyrir hvern hluta, sem seldur er, skal auk iðgjaldsins greiða stimpilgjald, er nemi 2% af iðgjaldinu.

3. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að leyfa, að selja megi á Íslandi allt að 2000 heila hluti í lotterii því, sem hjer ræðir um, á þann hátt, sem hann kveður nánar á um. Hluti í þessu lotterii má ekki selja í Danmörku, nje í nýlendum Danmerkur.

4. gr.

Meðan einkaleyfi það til lotteris, sem veitt er samkvæmt lögum þessum, er í gildi, má ekki setja á stofn neitt peningalotteri fyrir Ísland.

Um sama tímabil skal það og, að viðlögðum 200 til 2000 kr. sektum til landssjóðs, vera bannað að versla með eða selja á Íslandi hluti fyrir lotterii utan ríkis, eða hafa þar á hendi nokkur störf þar að lútandi.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögglumál.